

FISK-Seafood hf.  
Friðrik Steinsson  
Háeyri 1  
550 Sauðárkrókur

Reykjavík, 27. október 2019  
UST201901-266/gf  
08.12.02

**Varðar vettvangsheimsókn í eftirlit ársins 2019 – fiskeldi Fisk-Seafood hf. í Hjaltadal (áður Hólalax)**

Þann 12. september sl. fór fram eftirlit í fiskeldi Fisk – Seafood hf. í Hjaltadal. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávík komu fram við eftirlit en tvær ábendingar voru gerðar.

Virðingarfyllst,



Gottskálk Friðgeirsson



Halla Einarsdóttir  
teymisstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## FISK Seafood- fiskeldi-deild 50 Hjaltadal



<b>Dags eftirlits</b>	12.9.2019	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	FISK Seafood- fiskeldi-deild 50	<b>Eftirlitsmaður</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Heimili</b>	Hólum	<b>Tegund eftirlits</b>	Framselt eftirlit
<b>Kennitala</b>	461289-1269	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Friðrik Steinsson	<b>ÍSAT nr.</b>	03.22.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Arnar Þór og Stefanía Inga	<b>Staðsetning</b>	494922,721 581709,174

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust. Tvær ábendingar voru gerðar.

### UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit Umhverfisstofnunar fór fram 12. september sl. að viðstöddum Arnari Þór Ragnarssyni yfirmanni fiskeldis og Stefaníu Ingu Sigurðardóttur gæðastjóra FISK Seafood ásamt Friðrik Steinssyni stöðvarstjóra og Gottskálk Friðgeirssyni eftirlitsmanni Umhverfisstofnunar.

Samkvæmt dagskrá voru nýjar kröfur í reglugerð nr. 550/2018 og aðferðafræði við mat á umhverfisáættu og hvernig tíðni eftirlits skuli ákvörðuð.

Farið var yfir drög á áhættumati.

Starfsleyfi rekstraraðila rann út fyrr á árinu og var nýlega framlengt til 1. maí 2020.

Við eftirlitið komu ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi en ábendingar voru gerðar um uppfærslu á áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar sem krafist er í grein 1.6, neyðaráætlun í grein 4.5 viðbragðsáætlun í grein 4.3 og vöktunaráætlun í grein 3.4

Tilkynningar til Umhverfisstofnunar skulu berast á netfangið [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)

Bent var á að skiladagur fyrir ársyfirlit rekstraraðila er tveimur mánuðum fyrr en skiladagur er fyrir grænt bókhald.

Farið var í skoðun á stöðinni með stöðvarstjóra. Vatnsöflun útskýrð svo og fóðurstýring og geymsla hættulegra efna. Gengið um stöðina og síðast farið að settjörnum og fráveitumál skoðuð og vöktun í Hjaltadalsá útskýrð.

Sjá meðfylgjandi gátlista um stöðu mála í fiskeldi FISK Seafood (áður Hólalax)

### ÁBENDINGAR

Uppfæra þarf áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, sjá grein 1.6, neyðaráætlun sjá grein 4.5, viðbragðsáætlun sjá grein 4.3, og vöktunaráætlun sjá grein 3.4

Bent var á að skiladagur fyrir ársyfirlit rekstraraðila er tveimur mánuðum fyrr en skiladagur er fyrir grænt bókhald.

27.10.2019

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Gottskálk Friðgeirsson

**Eftirlit með fiskeldisstöð**  
**Landeldi**

**Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti**

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Brottfallinn starfsleyfisflokkur:
FISK Seafood-fiskeldi Deild 50 (Hólalax)	12. september 2019	í Hjaltadal	4
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhent:	Gerð stöðvar:
461289-1269 (601279-0299)	1. maí 2019 framlengt til 1. maí 2020.	Já -12. september 2019	Landeldi

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			Starfsleyfið rann út 1. maí 2019 en með bréfi Umhverfisstofnuna UST201907-191/F.T. frá 5. sep. sl. var gildistími starfsleyfisins framlengdur til 1. maí 2019
Breytingar á starfssemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			FISK Seafood keypti Hólalax, óskað var eftir handhafabreytingu 26. júlí sl.  FISK Seafood sótti um nýtt starfsleyfi fyrir fiskeldið þann 19. febrúar 2019 (Ásmundur)
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			Óbreytt Notað er WiseFish vöktunarkerfi og er með ASC vottun vegna rekjanleika.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. mars?	X			Í lagi, rekstraraðila var í eftirlitinu leiðbeint um mismunandi skiladaga fyrir ársyfirlit annars vegar og grænt bókhald hins vegar. Bæta má í um samantekt á skráningum.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?	X			Í lagi, skilað 12. apríl 2019  Ekki gerð krafa um útstreymisbókhald fyrir eldi af þessari stærð.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, áætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	X			Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar liggur fyrir. Uppfæra þarf áætlunina vegna handhafabreytingar á starfsleyfinu og bæta í köllunarskrá (útkallslista) vegna mengunaróhappa. Eins hvert tilkynningar eru sendar vegna óhapps sem tilkynningaskyلت er.

**Eftirlit með fiskeldisstöð**  
**Landeldi**

Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?	X			Samráðsfundur var síðast haldinn á árinu 2018. Halda skal samráðsfund á fjögurra ára fresti.
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			Afrit af tryggingarskírteini liggur fyrir.
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Meðferð og förgun eldisfisks var rædd og mögulegir kostir ef kæmi til massadauða eða óvæntrar stöðvunar í rekstri. Flokka ehf. sér um móttöku úrgangs frá rekstraraðila. Uppfæra þarf áætlunina til samræmis við ákvæði 4.5 í starfsleyfi.


Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			Umhverfismarkmið í lagi. Ekki er unnið skv. umhverfisstjórnunarkerfi.
Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmyndun sé í lágmarki?	X			Útreiknað fódurmagn afgreitt handvirkt í stillanlegan fódurgjafara.
Er skráning á losun fósfors og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	X			Í lagi, N og P eru undir mörkum í starfsleyfi, N er 42 kg/tonn bleikju og P er 3,8 kg/tonn bleikju. Mælingar í viðtaka Sýnataka fór fram 25. mars 2019
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?	X			Hreinsun frárennslis byggist á settjörnum (2) og við mælingar í útrás frá settjörn mældist (25.3.2019) magn svifagna 1,8 mg/L og COD undir 10 mg/L. Ástandið á frárennislæk frá settjörn var skoðað árið 2018. Ástandið var ásætlanlegt, ekki var að sjá mikla uppsöfnun fódurleyfa eða úrgangs í læk eða settjörnum en greina mátti slý í botni lækjarins.
Nánari lýsing á mengunarvarnarábúnaði í frárennslis, síun, settjörn, tromlur, oþh.	X			Hreinsun í frárennslis byggir á settjörnum. Frárennislækur, um 150 m langur, liggur frá stöðinni og yfir í stóra settjörn, þaðan rennur frárennslid yfir í aðra settjörn og því næst í læk sem endar í Hjaltadalsá.

**Eftirlit með fiskeldisstöð**  
**Landeldi**

Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Sjá fyrra svar.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.	X			Vöktun byggir á sýnatöku á fjórum stöðum. Tekið er sýni í frárennsli frá eldinu fyrir og eftir hreinsun í settjörnum. Eins eru tekin sýni í Hjaltadalsá ofan og neðan eldisstöðvarinnar. Hjaltadalsá er jökulskotin dragá með meðalrennsli um 10 m <sup>3</sup> á sek.  Í mælingum frá í mars sl. er munur á magni svifagna ofan og neðan mjög lítil og sýnatöku- og mælinga- aðferðir (uncertainty) gætu hugsanlega skýrt mun upp á 0,1 mg/L.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Dauðfiski er pakkað, og geymdur utandyra. Sveitafélagið bíður upp á móttöku fyrir dýrahæ og eru þau sótt á staðinn. Urðun dauðfisks fer fram í Stekkjarvík.  Flokka ehf. á Sauðárkróki sér um móttöku á úrgangi og er plasti er safnað saman sérstaklega. Nýr rekstraraðili vill auka við flokkun.
Er umhverfsvöktun í samræmi við starfsleyfi?	X			
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfsvöktunar.	X			Skiladagur ársskýrslu er 1. mars ár hvert.  Skiladagur Græns Bókhalds er 1. maí ár hvert.  Taka þarf mið af þessu.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?				Veturinn 2019 – 2020 N <sub>heild</sub> og P <sub>heild</sub> auk svifagna og COD  Já  Matís og ALS Scandinavia AB hafa séð um mælingarnar.

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

<b>Niðurstöður síðasta eftirlits:</b>	
28.8.2018 - Tvö frávík komu fram við eftirlit. 1 - samráðsfundur var ekki haldinn árið 2017 eins og kveðið er á um í gr. 4.2 í starfsleyfi og að 2 - aðgangur að stöðinni er ekki takmarkaður skv. gr. 4.6 í starfsleyfi. Úrbætur hafa verið gerðar og báðum frávikum lokað. Ein ábending var gerð varðandi rusl á lóð rekstraraðila, minnt er á að skv. gr. 4.6 í starfsleyfi skal halda svæðinu snyrtilegu.	
<b>Samantekt:</b>	<p>Í eftirliti Umhverfisstofnunar sem fór fram 12. september sl. að viðstöddum Arnari Þór Ragnarssyni yfirmanni fiskeldis og Stefaníu Ingu Sigurðardóttur gæðastjóra FISK Seafood ásamt Friðrik Steinssyni stöðvarstjóra og Gottskálf Friðgeirssyni eftirlitsmanni Umhverfisstofnunar.</p> <p>Samkvæmt dagskrá voru nýjar kröfur í reglugerð nr. 550/2018 og aðferðafræði við mat á umhverfisáhættu og hvernig tíðni eftirlits skuli ákvörðuð. Farið var yfir drög á áhættumati.</p> <p>Starfsleyfi rekstraraðila rann út fyrr á árinu og var nýlega framlengt til 1. maí 2020.</p> <p>Við eftirlitið komu ekki fram frávík frá kröfum í starfsleyfi en ábendingar voru gerðar um uppfærslu á áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar sem krafist er í grein 1.6, neyðaráætlun í grein 4.5 viðbragðsáætlun í grein 4.3 og vöktunaráætlun í grein 3.4</p> <p>Tilkynningar til Umhverfisstofnunar skulu berast á netfangið <a href="mailto:ust@ust.is">ust@ust.is</a></p> <p>Bent var á að skiladagur fyrir ársyfirlit rekstraraðila er tveimur mánuðum fyrr en skiladagur er fyrir grænt bókhald.</p> <p>Farið var í skoðun á stöðinni með stöðvarstjóra. Vatnsöflun útskýrð svo og fóðurstýring og geymsla hættulegra efna.</p> <p>Gengið um stöðina og síðast farið að settjörnum og fráveitumál skoðuð og vöktun í Hjaltadalsá útskýrð.</p>
<b>Annað:</b>	<p>Tveir fastráðnir starfsmenn og einn verktaki vinna við fiskeldið.</p> <p>Verktaki vann við að breyta og bæta vinnuaðstöðu.</p>



Undirskrift eftirlitsmanns: \_\_\_\_\_